

74

2. júní

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. júní 1933 og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 25. apríl 1928.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

75

4. júlí

REGLUGERÐ

um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum nr. 84 6. júlí 1932, verður endurgreitt úr ríkissjóði eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið er endurgoldið eftir á fyrir ár hvert, talið frá 1. júlí til 1. júlí, í fyrsta sinni 7. júlí 1932 til 30. júní 1933 að báðum dögum meðtöldum.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanfögnu ári til annars en til bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

75

4. júlí

Hver notandi fyrir sig sækir um endurgreiðslu af því benzini, er hann hefir sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en til bifreiða, til hverra nytja það hefir farið, og ef um notkun til fleira en eins er að ræða, hve mikið af benzini hafi farið til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verk-smiðjunafn) og hestafl svo og notkunartíma. Beiðnum skal, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn: 1. Ef benzinið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur, og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzinið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverðið. 2. Ef notandi hefir flutt benzinið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því. 3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi þar sem benzinið hefir verið notað, um að notkunin hafi farið þar fram og hve langan tíma af endurgreiðsluárinu, sbr. 2. gr.

Ef vísitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 156. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur má og senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem beiðandi býr, og afgreiðir lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endurgreiðsluna til útborgunar þeim sem í hlut á.

Ef beiðandi óskar eftir að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd öðrum en honum sjálfum, ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni, svo greinilega, að ekki verði um villzt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzini fyrir undanfarið endurgreiðsluár, sbr. 2. gr., skulu vera komnar til fjármálaráðuneytisins fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta sinni fyrir 1. október næstkomandi. Ef beiðni er send lögreglustjóra áleiðis til fjármálaráðuneytisins, skal hún hafa borizt til lögreglustjóra fyrir 1. september ár hvert, í fyrsta sinni fyrir 1. september næstkomandi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 84 6. júlí 1932 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.